

## Nefndarálit

um frv. til l. um umhverfis- og auðlindaskatta.

Frá 2. minni hluta efnahags- og skattanefndar.

Með frumvarpinu er lagt til að innheimtur verið skattur af sölu á raforku og heitu vatni auk skatts af tilgreindum flokkum af fljótandi jarðefnaeldsneyti. Tilgangurinn er að afla aukinna tekna fyrir ríkissjóð sem nemur 4,7 milljörðum kr.

Annar minni hluti er fylgjandi kolefnis- og umhverfissköttum og auðlindagjöldum. Hann gerir hins vegar tillögur um heppilegri framkvæmd við skattlagninguna.

### Röng notkun á hugtökum.

Annar minni hluti setur fram alvarlegar athugasemdir við þá þversögn að nefna skattheimtuna „auðlindaskatta“ eins og lagt er til í frumvarpinu. Í frumvarpinu hefur verið lagt til að innheimta skattinn af notendum í stað þess að skattleggja auðlindina sjálfa.

Því meira sem 2. minni hluti hefur skoðað málið styrkist sú von að um misskilning á hugtökum sé að ræða af hálfu frumvarpshöfunda, en ekki beina pólitíska ákvörðun um að leggja skattinn á almenning í stað auðlindarinnar. Þversögnin er að kalla skatt af notkun almennings „auðlindaskatt“.

Auðlindarentan er ekki skattlögð með frumvarpinu, eins og venja er þegar talað er um auðlindaskatta. Ef það væri raunverulega ætlunin ætti 1. mgr. 5. gr. frv. að orðast svo:

„Greidda skal í ríkissjóð sérstakan skatt af *virkjadri* raforku og *unnu* heitu vatni eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

### Orkuskattur en ekki auðlindaskattur.

Annar minni hluti hefur talað fyrir upptöku auðlindaskatts í sjávarútveginum. Ef ríkisstjórnin ætlaði að beita sömu aðferð við innheimtu auðlindaskatts af fiskveiðiauðlindinni og gert er í þessu frumvarpi, þá yrðu fiskflök og fiskbollur í borðum kjörbúða skattlögð en ekki aflaheimildirnar. Engum hefur dottið slík aðferð í hug.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að ýmsar leiðir hefðu verið skoðaðar af framkvæmdarvaldinu til að innheimta auðlindaskatta af raforku og heitu vatni. Niðurstaðan varð sú að leggja til þá leið að skattleggja notkun almennings á auðlindinni.

Annar minni hluti varar við því að leið ríkisstjórnarinnar að þessu sinni verði í framtíðinni túlkuð sem fordæmi sem hægt verði að vísa til og geti þar með haft áhrif á alla umgjörð laga-setningar um auðlindagjöld.

### Vinstri hreyfingin – grænt framboð verndar stóriðjuna.

#### 1. Pólitísk ákvörðun undanskilur raforkufyrirtækin.

Nefna má mörg dæmi um mikla notkun sem ekki verður skattlögð samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar, t.d. vegna raforkuframleiðslu á háhitasvæðum þar sem 88% af auðlindinni sem notuð er við raforkuvinnslu úr heitu vatni fer til spillis. Einungis 12% af auðlindinni

nýtast til raforkuvinnslunnar. Niðurstaðan er að enginn hvati verður hjá orkufyrirtækjunum til að nýta auðlindina betur eða þróa tækni til þess og undirbúa slíkar framkvæmdir með hliðsjón af betri nýtingu.

Við umfjöllun í nefndinni kom fram að Norðmenn hafi verið með tvenns konar útgáfu af auðlindaskatti. Annars vegar það sem leggst á hverja kílóvattstund og hins vegar upphæð sem leggst á hverja virkjun eftir ákveðinn árafjöld, þ.e. eftir hæfilegan afskriftatíma.

Jafnframt kom fram að ef farið væri að skattleggja orkufyrirtækin beint yrði nærri þeim gengið þar sem stærstur hluti sölu þeirra er til stóriðju. Vegna stóriðjusamninga væri orkufyrirtækjunum ekki heimilt að breyta verði á seldri orku, og samningarnir um söluverðið giltu til áratuga.

Annar minni hluti hefur einnig bent á að stóriðjan er með orkukaupasamninga til langs tíma en það sama gildi til dæmis um útgerðina, sem telur sig vera með aflaheimildir til óendanlegrar framtíðar. Samt eru menn að ræða ýmsar útfærslur til að takast á við þá stöðu mála.

Annar minni hluti hefur bent á hversu gagnrýnivert er að ekki sé minnst einu orði á þetta í álitu meiri hlutans.

## *2. Pólitísk ákvörðun undanskilur gasnóktun álvera frá skatti.*

Annar minni hluti benti jafnframt á það við vinnslu málsins að kolefnisgjald ætti aðeins að innheimta af fljótandi jarðefnaeldsneyti. Þannig verða undanskildir stærstu gasnotendur á Íslandi, sem eru álverin sem fá reglulega tankskip fyllt gasi til landsins. Gasið er nýtt til að halda áli bráðnu meðan það er í vinnsluferli. Um gríðarlegt magn af gasi er að ræða sem tekin hefur verið upplýst ákvörðun um að halda fyrir utan hið nýja kolefnisgjald.

Af því leiðir ákveðinn vandræðagangur, þar sem í 1. gr. frumvarpsins þarf að telja upp hvaða tegundir af kolefnisorkuberum á að skattleggja.

## **Bókun 2. minni hluta.**

Við meðferð málsins í nefndinni lét 2. minni hluti bóka: „Það er alveg skýrt, miðað við alla eðlilega hugtakanotkun á auðlindagjöldum og rentu, að hér er ekki um auðlindagjald að ræða heldur eitthvað allt annað.“

## **Tillögur 2. minni hluta um heppilegri leiðir.**

Á vettvangi fjárlaganefndar hefur fulltrúi Hreyfingarinnar lagt til leiðir til að afla ríkinu aukinna tekna á sviði umhverfis- og auðlindamála.

Í fyrsta lagi lagði 2. minni hluti til að tekinn verði upp raforkuskattur af raforkusölu til stóriðju í stað sérstaks skatts af allri seldri raforku. Gjald þetta verði 1 kr. á kílóvattstund af seldri raforku frá auðlindinni sjálfri. Miðað við tölur Orkustofnunar um raforkusölu til stóriðju gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 12,4 milljarða kr. á ári. Þar sem raforkusala til Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga er meitluð í stein hvað verðbreytingar varðar verði leitast við að útfæra auðlindagjaldið sem hlutfall af útflutningsverðmæti verksmiðjunnar þannig að það nemi samsvarandi upphæð og 1 kr. á selda kílóvattstund. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta.

Í öðru lagi lagði 2. minni hluti til að tekið verði upp auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir til fiskveiða. Gjald þetta verði að meðaltali 50 kr. á úthlutað kíló. Miðað við úthlutaðar aflaheimildir ársins 2008 (553.600 tonn) gæti gjaldið skilað tekjum upp á u.þ.b. 27,7 milljarða kr. á ári. Lagt er til á móti að fyrirhuguð hækkun tryggingagjalds falli niður og því sem eftir stendur af tekjunum verði varið til að stykja heilbrigðis-, velferðar- og menntamál.

Í þriðja lagi er lagt til að tekið verði upp gistináttgjald sem leggist á hótél- og gistihúsa- rekstur. Gjald þetta verði 500 kr. á gistinótt. Miðað við gistinætur ársins 2008 (sbr. skýrslur Hagstofu) gæti þetta skilað tekjum upp á um 1,3 milljarða kr. á ári. Lagt er til að dregið verði úr fyrirhugaðri hækkun tekjuskatts til samræmis við þetta. Gjald þetta renni í ríkissjóð árin 2010 og 2011 en verði eftir það eyrnamerkt til uppbyggingar á ferðamannastöðum.

Slík skattheimta sem að framan greinir er hlutlaus fyrir heimilin og leggst á þær greinar atvinnulífsins sem standa best allra í dag vegna hruns á gengi krónunnar. Hér er einnig um að ræða réttláta skattlagningu í þeim skilningi að þessar atvinnugreinar nota auðlindir landsins án endurgjalds, auðlindir sem eru sameign allrar þjóðarinnar. Auk þess er mun auðveldara að innheimta auðlindagjald með þessum hætti heldur en með einhverjum hugmyndum um tekjuskatt eða veiðileyfagjald sem hlutfall af hagnaði.

#### Niðurstaða.

Annar minni hluti mælist til þess að málið verði sett fram með réttum hætti og bætt úr göllum þess áður en Alþingi samþykkir lög í þessa veru.

Í ljósi þessa leggur 2. minni hluti til að Alþingi aðhafist ekki frekar í málinu að svo stöddu og því verði vísað frá með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem færð hafa verið fyrir því gild rök að:

- a. vegna rangrar notkunar á hugtökum í frumvarpi ríkisstjórnarinnar,
- b. vegna tilraunar til að leggja orkuskatt á notkun almennings í stað þess að taka raunverulega rentu af auðlindinni sjálfri,
- c. vegna verndunar á stóriðju – bæði raforkuvera og álvera – þar sem hvorki er minnst á auðlindarentu né gas,

sé ekki hægt að fallast á slíka framkvæmd samþykkir Alþingi að **vísa málinu frá** og taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 2009.

Þór Saari.